

Stuðningsfulltrúi óskast til starfa í Valsárskóla auk vinnu í Vinaborg



Ráðið verður í starfið frá og með 5. janúar 2026 eða samkvæmt samkomulagi. Vinnan er tvískipt þannig að starfsmaður vinnur sem stuðningur í bekk frá 8-13 og í frístund frá 13-16.

Helstu verkefni

- Stuðningur við nemendur í námi.
- Vinnur samkvæmt stefnu skólans.
- Gæsla inni og úti.
- Gæsla og vinna með nemendum í tómstundum.
- Önnur verkefni skv. starfslýsingu ásamt verkefnum sem skólastjóri felur starfsmanni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Áhugi á að starfa með börnum og ungmönnum.
- Lipurð í samskiptum, sveigjanleiki, samstarfshæfni og jákvæðni til að starfa í metnaðarfullu umhverfi.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Reynsla sem nýtist í starfi.
- Stundvísi og samvirkusemi.
- Íslenskukunnátta.

Valsárskóli er á Svalbarðseyri, í 12 km fjarlægð frá Akureyri. Einkunnarorð skólans eru umhyggja, virðing, metnaður og gleði. Nánari upplýsingar um skólann er hægt að sjá á <https://skolar.svalbardsstrond.is> og við hvetjum umsækjendur til að kynna sér starf skólans nánar þar.

Vakin er athygli á jafnréttisstefnu Svalbárðsstrandarhrepps um jafnan hlut kynja í störfum. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 17. desember 2025.

Umsókn skal skila á netfangið maria@svalbardsstrond.is

Nánari upplýsingar um stöðu stuðningsfulltrúa veitir María Aðalsteinsdóttir skólastjóri í síma 464-5510, 864-0031 og í tölvupósti.